



Til sveitarfélaga,

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is


Reykjavík 21. september 2012
Tilv.: IRR120901370.13.1


Efni: Fyrirspurn um málstefnu sveitarfélaga skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.


Fyrirspurn hefur borist frá Alþingi til innanríkisráðherra um málstefnu í sveitarfélögum. Samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skulu sveitarstjórnir móta sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Með bréfi þessu er óskað upplýsinga frá öllum sveitafélögum, hvort og þá með hvaða hætti þau hafa uppfyllt lagaákvæðið? Óskað er eftir að svar berist ráðuneytinu eigi síðar en 3. október n.k.

130. gr. laganna hljóðar svo: *Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku. Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.*

Fyrir hönd ráðherra


Jóhannes Finnur Halldórsson


Stefanía Traustadóttir

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	25.9.2012
Málsnr:	1209499
Bréfal:	220